Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar
Sveitarstjórn Flóahrepps

*16.10.2026*

**Efni: Erindi frá oddvitum Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar**

Undanfarin ár hafa Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur átt samtöl um mögulega framtíðaruppbyggingu landssvæðis austan við Selfoss. Um er að ræða um 100 ha landsvæði sem Sveitarfélagið Árborg keypti árið 2014 en er innan sveitarfélagamarka Flóahrepps og heyrir því undir skipulags- og stjónsýsluvald Flóahrepps. Svæðið liggur meðfram nýjum Suðurlandsvegi og hefur verið rætt um uppbyggingu þar fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi, kirkjugarð og græn svæði til útivistar og afþreyingar.

Viðræður sveitarfélaganna hafa til þessa ekki skilað niðurstöðu sem bæði sveitarfélög geta samþykkt. Helsti ágreiningurinn hefur varðað hugmyndir um mögulega tilfærslu sveitarfélagamarka. Flóahreppur telur ekki forsendur til slíkrar tilfærslu og leggur áherslu á að framtíðaruppbygging svæðisins verði útfærð innan núverandi sveitarfélagamarka.

Í viðræðunum hefur komið fram að til skoðunar geti komið að Sveitarfélagið Árborg, sem landeigandi, taki að sér tiltekna framkvæmd og þjónustu á svæðinu. Slíkt fyrirkomulag yrði háð sérstöku samkomulagi sveitarfélaganna og samþykki beggja sveitarstjórna, þar sem meðal annars yrði skýrt kveðið á um verkaskiptingu, ábyrgð, kostnað, tekjur og stjórnsýslulegar heimildir

Undirritaðir oddvitar bæjarstjórnar Árborgar og sveitarstjórnar Flóahrepps vilja horfa til framtíðar með gott samstarf og gagnkvæman ávinning sveitarfélaganna að leiðarljósi. Það er sameiginlegur vilji að stuðla að farsælli uppbyggingu svæðisins. Fjölbreytt atvinnuuppbygging við nýjan Suðurlandsveg getur nýst íbúum beggja sveitarfélaga, fjölgað atvinnutækifærum og skapað verðmæti fyrir bæði sveitarfélög og samfélög þeirra.

Undirritaðir vilja því leggja til að Sveitarfélagið Árborg og Flóahreppur hefji formlegar viðræður um sameiginlega sýn og samkomulag um uppbyggingu umrædd landsvæðis innan núverandi sveitarfélagamarka. Skipaður verði vinnuhópur með þremur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi sem hefði það markmið að móta tillögur og leggja fram drög að samkomulagi fyrir sveitarstjórnir beggja sveitarfélaga í desember 2026. Nánari lýsing á verkefni og markmiðum hópsins kemur fram í meðfylgjandi drögum að erindisbréfi.

Sveitarfélögin hafa um árabil átt í góðu samstarfi. Undirritaðir telja að með áframhaldandi trausti, gagkvæmri virðingu og sýn á hagsmuni beggja sveitarfélaga sé unnt að ná farsælu samkomulagi um uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu innan núverandi sveitarfélagamarka.

*Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar*
*Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps*